**Ed.** **307. Breytingartillaga** [22. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Stefnt skal að því í jöfnum áföngum á fjórum árum, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Við útreikning á námskostnaði ber að taka tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.